

Ársskýrsla KRAFT flutt á ársþingi Kraftlyftingasambands Íslands sem háð var þ. 19.1.2013 í húsnæði ÍSÍ í Laugardal, Reykjavík.

Forseti ÍSÍ, framkvæmdastjóri ÍSÍ, ágæta kraftlyftingafólk,

Velkomin til þriðja ársþings Kraftlyftingasambands Íslands eftir að það var stofnað á nýjan leik fyrir tæpum þremur árum síðan og þá innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.

Í upphafi máls míns í fyrra sagði ég “Þessi tvö ár hafa verið mikill ævintýra- og uppgangstími fyrir íslenskar kraftlyftingar.” Á þeim tíma hélt ég að tími ævintýra væri liðinn. Síðastliðið ár, árið 2012 hefur afsannað þá kenningu. Slíkur hefur íþróttalegur árangur verið á árinu sem var að líða.

Afrek ársins

Í heildina fengum við á árinu 2012 á alþjóðlegum mótum, mótum eins og þau gerast sterkust í greininni í heiminum, 5 gull, 2 silfur og 2 brons. Samtals 9 peningar.

Fannar Dagbjartsson, Breiðabliki varð Evrópumeistari öldunga í Tékklandi og hlaut gull og brons.

Júlían J. K. Jóhannsson, Ármanni varð Evrópuheimsmeistari unglunga í réttstöðu í Danmörku og fékk gull.

Jóhanna Þórarinsdóttir, Breiðabliki varð Norðurlandameistari NM í Svíþjóð í bekkpressu og fékk gull.

Halldór Eyþórsson, Breiðabliki fékk silfur í hnébeygju og brons í samalögðu á Evrópumeistaramóti öldunga í Tékklandi.

Júlían J. K. Jóhannsson, Ármanni varð heimsmeistari á HM unglunga og fékk gull fyrir réttstöðu.

Guðrún Gróa, Gróttu fékk silfur í bekk á Evrópumeistaramóti unglunga í Danmörku.

Auðunn fékk silfur í réttstöðu á EM í Úkraínu og gull í réttstöðu á HM í Puerto Rico.

Fjöldi meta var settur á innanlandsmótum. Lið Kraftlyftingadeildar Gróttu var stigahæst á árinu og Gróttu varð því kraftlyftingafélag ársins. Það er gleðilegt fyrir þá sök að árangur Gróttu er fyrst og fremst konum að þakka, en Gróttu hefur lagt undir sig flesta þyngdarflokka kvenna undanfarið keppnistímabil.

Í vali sérsambanda ÍSÍ varð Auðunn Jónsson annar og í kjöri um Íþróttamann ársins á vegum félags íþróttafréttamanna hafnaði Auðunn Jónsson í 6. sæti.

Félagamál og Felix

Nú eru aðildarfélög að KRAFT orðin 14 talsins en frá síðasta þingi hefur eitt félag bæst við, Kraftlyftingafélagið Víkingur á Ísafirði og bjóðum við þá Víkinga velkomna til leiks. Starfssemin er misgróskumikil í félögunum en heilt yfir góð en tvö félög eru með lágmarksstarfsemi þ.e. Lyftingadeild Skallagríms í Borgarnesi

og Kraftlyftingadeild UMS á Selfossi. Skallagrímur er enn ekki komin með skráningu í Felix en í gær bættist Kraftlyftingafélagið Víkingur í Felix.

Eitt kraftlyftingafélag hefur bæst í hóp fyrirmyndafélaga. Það er Kraftlyftingafélag Akureyrar (KFA) en fyrir var Kraftlyftingafélag Garðabæjar - Heiðrún. Við óskum KFA til hamingju með þennan áfanga.

Alls eru nú skráðir 833 (677) iðkendur í kraftlyftingafélög í Felix félagakerfi ÍSÍ. Með sama áframhaldi fara skráðir félagar í Felix líklega yfir 1000 ár árinu 2013.

Stjórn og stjórnarfundir

Á stofnfundi Kraftlyftingsambands Íslands voru eftirtalin kosin í stjórn sambandsins:

Sigurjón Pétursson formaður

Guðjón Hafliðason varaformaður

Gry Ek Gunnarsson ritari

Kári Rafn Karlsson gjaldkeri

Birgir Viðarsson meðstjórnandi

Varamenn voru kjörnir þeir Auðunn Jónsson, Hjalti Úrsus Árnason og Einar Már Ríkarðsson. Formaður og varamenn eru kosnir til eins árs en aðrir stjórnarmenn til tveggja ár. Á síðasta þingi varð sú breyting að Hjalti Úrsus Árnason og Einar Már Ríkarðsson gengur úr stjórninni en í þeirra stað komu Óskar Ingi Víglundsson og Hulda Pjetursdóttir og tóku þau sæti sem varamenn. Aðalmenn í stjórn voru endurkjörnir í fyrra til tveggja ára

Stjórnin hélt 9 bókaða stjórnarfundir og tvo formannafundi á árinu 2012. Auk þess hafa eins og gengur og gerist verið haldnir margir minni óskráðir vinnufundir, fundir með ýmsum félagasamtökum og opinberum aðilum s.s. menntamálaráðherra, formannafundur sérsambanda ÍSÍ svo og náttúrlega fjöldinn allur af símtölum og snúningum. GSM kostnaður og bensínkostnaður stjórnarmanna er því verulegur. Áður en lengra er haldið vil ég þakka stjórnarmönnum hið mikla, óeigingjarna og góða framlag þeirra. Þetta er búið að vera frábært ár með frábærri áhöfn.

Hlutverk KRAFT og grunnildi

Mér þykir rétt að rifja upp hvert er hlutverk og tilgangur KRAFT. Í lögum sambandsins segir að KRAFT eigi að vera æðsti aðili kraftlyftinga á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

- a. að hafa yfirumsjón allra íslenskra kraftlyftingamála
- b. að vinna að eflingu kraftlyftinga í landinu
- c. að vinna að stofnun nýrra aðildarfélaga

- d. að setja íslenskum kraftlyftingum nauðsynleg lög og reglur og sjá til þess að þeim sé fylgt
- e. að löggilda dómara, þjálfara menn til dómara starfa og veita þeim réttindi
- f. að standa að menntun kraftlyftingabjálfa og veita þeim tilskilin réttindi
- f. að standa fyrir og úthluta kraftlyftingamótum
- g. að standa vörð um uppeldislegt gildi kraftlyftinga á Íslandi
- h. að tefla fram landsliðum og keppendum í alþjóðlegri keppni
- i. að koma fram erlendis fyrir hönd kraftlyftinga á Íslandi
- j. að vinna að öðrum þeim málum er varða kraftlyftingar á Íslandi

KRAFT er aðili að:

- a. Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, (ÍSí)
- b. Alþjóða kraftlyftingasambandinu, (IPF)
- c. Kraftlyftingasambandi Evrópu (EPF)
- d. Kraftlyftingasambandi Norðurlanda (NPF)

KRAFT skal gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSí og sjá um að reglur varðandi kraftlyftingar séu í samræmi við alþjóðareglur. Reglur og ákvarðanir KRAFT eru bindandi fyrir aðila að KRAFT; félög, iðkendum, keppendum, dómara, þjálfara, forystumenn og aðra þá sem eru innan vébanda aðildarfélaga KRAFT.

Enn fremur þykir mér rétt að rifja upp hver er grundvöllur íþróttanna en hann er að leitast við að vernda hin sjálftryggu gildi íþróttanna. Oft er talað um þessi gildi sem “íþróttandann”; sem kjarna Ólympíuhugsjónarinnar; hinn sanna keppnisanda. Andi íþróttarinnar er hylling mannsandans, líkama og sálar og einkennist af eftirtöldum gildum:

Siðferði, drengskapur og heiðarleiki.
Heilbrigði
Afburðaárangur
Skapgerð og menntun
Gleði og ánægja
Samvinna
Ástundun og skuldbinding
Virðing fyrir lögum og reglum
Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum iðkendum
Hugrekki
Samkennd og samstaða.

Mótamál

Mótahald svo og að rækta félögin og vinna að stofnun nýrra eru miklívægir þættir í eflingu kraftlyftinga í landinu. Mótanefnd undir forystu Birgis Viðarssonar hefur unnið gott starf og mótaskrá 2013 hefur verið birt á heimasíðu KRAFT. Á árinu 2012 hafa verið hjaldin mörg mót bæði á vegum KRAFT svo og innanfélagsmót. Stjórn KRAFT hefur mótað þá stefnu að félögin sjái um allt mótahald en að stjórnin einbeiti sér að öðrum störfum. Félögin hafa staðið sig mjög vel hvað allt mótahald snertir. Sum félög hafa verið að halda sín fyrstu mót s.s. Zetorar og Heiðrún og hafa þannig öðlast dýrmæta reynslu hvað varðar form og framkvæmd. Allri skráning keppenda hefur verið komið í enn fastari skorður en áður og nú á öllum að vera ljóst að enginn á að keppa né starfa á mótum nema vera skráður í Felix félagakerfi ÍSÍ. Því miður varð þó á árinu ein undantekning hvað varðar mótahald og varð stjórn KRAFT að taka ákvörðum um að ógilda úrslit móts á vegum KFA á Akureyri sem fór fram í júlí þar sem of margir meinbaugir voru á því mótahaldi.

Á mótaskrá sambandsins árið 2013 eru samtals 21 mót. Þar af 8 innanlandsmót og 13 erlend mót. Eitt af þessum erlendu mótum, Norðurlandamót unglinga, verður haldið á Íslandi þ. 23. febrúar nk. Það er því góð gróska í mótamálum. Framkoma keppenda á mótum hefur verið til fyrirmyndar.

Mótareglur

Enn á ný hefur nokkur vinna hefur verið leyst af hendi hvað varðar mótareglur og litu nýjar endurskoðaðar reglur tvisvar dagsins ljós á árinu 2012. Eins og áður hefur, í ljósi reynslunnar, verið reynt að bæta orðalag þannig að sem minnst sé um að ræða túlkunaratriði og óvissu. Enn fremur var í desember bætt inn ákvæði í 7. gr. reglnanna varðandi bann við notkun ammóníaks í fljótandi formi á mótum sem falla undir mótareglurnar.

Klassískar kraftlyftingar

Mikil umræða hefur verið í kraftlyftingaheiminum um klassískar kraftlyftingar eða kraftlyftlyftingar án búnað. IPF hélt mót í klassískum kraftlyftingum á árinu sem var að líða í Svíþjóð undir heitinu "IPF Classic Cup" og þótti takast mjög vel. Á ársþingi IPF spunnust miklar umræður um hvort efna ætti til heimsmeistarakeppni í klassískum kraftlyftingum. Eftir miklar og heitar umræður var samþykkt að setja af stað mót bæði í unglingaflokkum og opnum flokkum en ekki í öldungaflokkum. Heiti mótsins yrði "IPF Classic (or Raw) World Championships" Á ársþingi EPF í maí nk. mun þetta málefni verða rætt og væntalega ákvarðanir teknar.

Hér heima hafa einnig verið miklar umræður um klassískar kraftlyftingar og á síðasta ári var fyrirhugað að halda þrjú klassísk mót. Bekkpressumót Heiðrúnar var haldið en þar voru þátttakendur 13. Fyrirhugað var að halda Sunnumótið á Akureyri en það féll niður vegna ónógrar þátttöku. Á Seltarnarnesi var haldið mót í klassískum.

Á þessu ári eru fyrirhuguð nokkur klassísk mót. Stjórn KRAFT hefur fjallað um málið og er niðurstaða þeirrar umræðu að styðja allt mótahald – fagna áhuga bæði á klassískum og hefðbundnum kraftlyftingum, fylgjast náið með framvindu

mála og skoða möguleika á Íslandsmeistaramóti og skráningu Íslandsmeta í klassískum þegar reynsla er komin á þetta form. Það þarf að ná utan um ýmis praktísk atriði í þessu sambandi þannig að framkvæmd öll sé með ábyrgum hætti og í föstu formi þannig að ekki komi upp eftirmálar og sundurlyndi. Það þarf að koma upp reynslu í mótahaldi í klassískum og dómaraar verða að vera vel undirbúnir. Landsliðsnefnd er að skoða möguleika á að senda einstaklinga á alþjóðleg klassísk mót.

Þátttaka á mótum erlendis

Á árinu áttum við þátttakendur á 7 (8) erlendum mótum eða á öllum helstu kraftlyftingamótum á erlendri grundu sem haldin voru á árinu.

Norðurlandamót unglunga fór fram 14.-15. apríl í Noregi. Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir og Ólafur Rafn Ólafsson kepptu á mótinu og Grétar Hrafnsson landsliðsþjálfari fór með sem aðstoðarmaður.

Evrópumeistaramótið var haldið í Mariupol í Úkraínu í maí. Þar kepptu Auðunn Jónsson og María Guðsteinsdóttir. Grétar Hrafnsson sem ráðinn var sem landsliðsþjálfari á árinu fór sem aðstoðarmaður keppenda. Helgi Hauksson var dómari á mótinu. Sigurjón Pétursson formaður KRAFT var fararstjóri.

HM unglunga í Póllandi í ágúst. Júlían Jóhann Karl Jóhannsson og Viktor Samúelsson kepptu á mótinu. Með þeim fóru Grétar Hrafnsson sem aðstoðarmaður keppenda og Kári Rafn Karlsson, gjaldkeri KRAFT sem fararstjóri.

EM unglunga í Herning í Danmörku í júní. Á þessu móti kepptu Júlían J.K. Jóhannsson, Viktor Samúelsson og Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir. Grétar Hrafnsson fór með sem aðstoðarmaður.

NM í Svíþjóð. Jóhanna Þórarinsdóttir, Breiðabliki tók þátt, varð Norðurlandameistari í bekkpressu og fékk gull. Gry Ek Gunnarsson fór sem aðstoðarmaður.

EM öldunga. Tveir keppendur tóku þátt í EM öldunga í Pilzen í Tékklandi þeir Fannar Gauti Dagbjartsson og Halldór Eyþórsson.

Heimsmeistaramótið var haldið í Aquadilla í Puerto Rico í nóvember. Auðunn Jónsson og María Guðsteinsdóttir kepptu þar og Grétar Hrafnsson fór sem aðstoðarmaður. Klaus Jensen mætti á mótið sem dómari og Sigurjón Pétursson sem fararstjóri.

Heimasíða

Eitt af því sem er mikilvægt til eflingar kraftlyftingum er að allt upplýsingastreymi sé í góðum farvegi. Heimasíða sambandsins gegnir hér lykilhlutverki. Ný heimasíða var tekin í notkun á árinu 2012. En það er ekki nóg að vera með gott kerfi og útlit. Það þarf líka að vera sífellt að setja inn fréttir, fundarboð, fundargerðir, tilkynningar um mót ofl. ofl. Ritari sambandsins Gry Ek

Gunnarsson hefur enn á ný lyft grettistaki í þessu sambandi. Á árinu 2012 setti Gry inn 176 fréttir svo og mikill fjöldi af öðrum færslum svo sem fundarérðir, uppfærðar reglur ofl. Ný færsla fór því inn annan hvern dag allt árið. Gerið betur. Síðan er ekki bara lifandi heldur sprellifandi. Auk kraft.is hefur sambandið Facebooksíðu. Gry hefur einnig umsjón með gagnabanka KRAFT og skráningu úrslita og Klaus Jensen hefur tækniumsjón með síðunn og hefur boðið okkur upp á vistun undanfarin ár. Gefum þeim Gry og Klaus gott klapp.

Goodlift, dómara ljós, vigt, lóð og annar búnaður í eigu sambandsins

Kraftlyftingadeild Massa gaf KRAFT á árinu 2011 vegleg dómara ljós. Nú hefur verið smíðaður mjög vandaður kassi utan um ljósin svo þau verði ekki fyrir hnjaski í flutningi en dómara ljósin standa öllum félögum til boða til notkunar á mótum þeirra.

Goodlift tölvukerfið hefur reynst vel. Nú hefur verið keyptur tölvubúnaður og stórir skjáir fyrir kerfið og verið er að smíða veglegan kassa fyrir þennan búnað allan til að verja hann hnjaski í flutningum. Forritið Goodlift og birtingarmöguleikar sem það býður upp á fyrir keppendur, áhorfendur og starfsmenn gjörbreyta öllu upplýsingaflæði og keppnir ganga hraðar og markvissar fyrir sig.

Vigt sambandsins var uppfærð á árinu og löggilt. Vigtin sýnir nú tvo aukastafi í stað eins áður og er því orðin löggilt vigt skv. tæknireglum IPF.

Lóð í eigu sambandsins voru seld á árinu.

Felix

Felix félagakerfi ÍSÍ leikur lykihlutverk í allri starfsemi ÍSÍ, UMFÍ, Íþróttahéraðanna/bandalaganna og sérsambandanna. Lögð hefur verið mikil áhersla á að allir sem iðka kraftlyftingar séu skráðir í Felix og hefur náðst góður árangur. Nú eru 833 iðkendur kraftlyftinga skráðir í Felix og vitað er um nokkra sem ekki hafa enn verið skráðir inn en iðka kraftlyftingar. Ég hvet félögin enn og aftur til að vera dugleg við þessa skráningu. Felixskráningin er notuð sem grundvöllur fyrir úthlutun Lottótekna svo eitthvað sé nefnt og þegar greinin er metin í hlutfalli við aðrar íþróttagreinar t.d. við úthlutun styrkja og stuðnings þá eru Felix tölurnar lagðar til grundvallar. Gerum því okkar grein gott með góðri skráningu í Felix á öllum sem iðka kraftlyftingar. Á árinu 2013 ætti að nást það markmið að skráðir iðkendur kraftlyftinga í Felix fari yfir 1000.

Styrkjamál.

Afreksmannasjóður úthlutaði B styrk fyrir árið 2012 upp á kr. 960.000 til KRAFT v. Auðuns Jónssonar og C styrk kr. 500.000 vegna Maríu Guðsteinsdóttur. Júlían fékk úthlutun úr sjóði fyrir unga og efnilega kr. 150.000 og Olympíufjölskyldan úthlutaði sambandinu kr. 220.000 til þátttöku í mótum á árinu erlendis og hefur þannig verið mögulegt að greiða móta -og lyfjaprófunargjöld fyrir alla þá sem taka þátt í mótum erlendis á vegum sambandsins. Sambandinu barst síðan ferðastyrkur vegna þátttöku Auðuns Jónssonar í Arnold Classic í boði IPF sem fór fram í mars.

Ég vil benda forráðamönnum félaganna á að frágangur umsókna um ofangreinda styrki er á vegum stjórnar KRAFT. Það er hins vegar mjög mikilvægt að allir forráðamenn félaga komi ábendingum á framfæri við stjórnina um þá sem hugsanlega eiga erindi inn í umsóknarferlið. Sú ábyrgð hvílir á herðum forráðamanna félaganna þar sem stjórnin getur ekki vitað allt um alla.

Afreksfólk – Kraftlyftingamaður og kona ársins

María Guðsteinsdóttir og Auðunn Jónsson hlutu viðurkenningu KRAFT sem kraftlyftingamaður ársins í kvenna-og karlaflokki árið 2012. Þeim voru síðan afhentar viðurkenningar á árlegu hófi íþróttafélagaritarara nú í desember. Við óskum þeim innilega til hamingju með nafnbótina.

Alþjóða kraftlyftingasambandið IPF hefur birt listann yfir bestu kraftlyftingamenn í kvenna-og karlaflokki 2012. Listann er að finna á eftirfarandi slóð: <http://www.powerlifting-ipf.com/361.html>

Þar er gaman að finna Auðunn Jónsson, Breiðabliki, í 9. sæti í +120 kg flokki með árangur sinn á HM í Puerto Rico. Auðunn

María Guðsteinsdóttir, Ármanni, er í 24.sæti í -63,0 kg flokki kvenna með árangur sinn á HM í Puerto Rico.

Bæði Auðunn og María hafa hækkað um eitt sæti frá árinu 2011.

Júlían J.K. Jóhannsson hafnaði í 57. sæti á heimslistanum í unglunga og opnum flokki á árinu 2011 en í því 27. í 120+ kg. opnum flokki svo og unglungaflokk í árinu 2012. Hann hefur því færst upp um 30 sæti.

Erlend samskipti

Í tengslum við EM í Mariupol í Úkraínu í maí var haldið ársþing EPF og sótti Sigurjón Pétursson formaður KRAFT þingið. Gry Ek Gunnarsson ritari KRAFT situr í stjórn NPF og sótti hún þing þess í Svíþjóð í ágúst. Ársþing IPF var síðan haldið í Aquadilla, Puerto Rico í nóvember og sótti Sigurjón það fyrir hönd sambandsins. Þetta er þriðja árið sem við sendum fulltrúa á Evrópuþingið og Alþjóðþingið. Með þátttöku og viðkyrningu við forráðamenn kraftlyftinga á alþjóðavettvangi hafa myndast mjög sterk og persónuleg tengsl við fjölda ráðamanna á alþjóðavettvangi og fullyrði ég að Ísland nýtur nú virðingar og trausts; og hefur stöðu á þessum vettvangi.

Til stuðnings framangreindri fullyrðingu má geta þess að formaður og ritari KRAFT skipa nú formanns -og ritarasæti samtaka kraftlyftingasambanda á Norðurlöndum Nordic Powerlifting Federation (NPF) og Sigurjón hefur verið skipaður formaður Aganenfndar International Powerlifting Federation (IPF). Enn fremur eigum við aðgang að ráðgjöf, kennslu, gögnum og öðru eins og sannast mun ápreifanlega á þessu ári hvað varðar þjálfunarmál eins og ég kem að hér á eftir.

Landsliðsmál – bætt þjálfun - Afreksstefna

Afreksstefna og málefni landsliðs Íslands í kraftlyftingum hefur mikið verið til umfjöllunar í landsliðsnefnd, stjórn sambandsins og á formannafundum. Á vormánuðum var mikil vinna lögð fram af Gry Ek ritara sambandsins við að taka saman frumgerð afreksstefnunar. Stjórnin fjallaði síðan um skjalið á fundum sínum og samþykkti síðan að vísa málinu til formannafundar sem haldinn var í maí. Formannafundur samþykkti síðan fyrstu útgáfu afreksstefnu KRAFT á fundi sínum í maí. Stefnan var síðan á nýjan leik til umfjöllunar í stjórn í nóvember í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hafði á árinu og síðan fjallaði formannafundur um þá útgáfu á fundi sínum í nóvember. Þess má geta að einungis þau sambönd sem komið hafa upp afreksstefnu koma til greina þegar stjórnir Afreksmannasjóðs og sjóðs ungra og efnilegra úthluta. Andri Stefánsson forstöðumaður Afrekssviðs ÍSÍ var til ráðuneytis við mótun afreksstefnunnar. Er Andra hér með þakkað fyrir hans framlag.

Landsliðsnefndin undir forystu Guðjóns Hafliðasonar vann mikið starf á árinu. Sett voru ný landsliðsviðmið og skipað var í landsliðið í upphafi árs. Skömmu síðar var Grétar Hrafnsson ráðinn sem landsliðsþjálfari KRAFT. Grétar hefur unnið gríðarmikið og óeigingjarnt starf á árinu sem var að líða. Hefur hann verið óþreytandi við að aðstoða landsliðsmenn við æfingar og undirbúning fyrir mót svo og að ganga frá samningum og ýmsum formsatriðum v. landsliðsmála. Til marks um hans framlag hefur hann dvalið erlendis í rúmlega 40 daga á vegum KRAFT vegna mótaþátttöku og það algjörlega í sjálfboðavinnu. Nú í janúar var samningurinn við Grétar endurnýjaður.

Fræðslumál

Stórt og merkilegt skref var á árinu 2012 stigið í fræðslumálum KRAFT, skref sem skila mun varanlegum afreksárangri í framtíðinni. Eins og kom fram í síðustu ársskýrslu voru þá hafnar viðræður við Dietmar Wolf landsliðsþjálfara Noregs varðandi það að hann kæmi með varanlegum hætti að fræðslu þjálfara og uppbyggingu markvissra þjálfunarátætlana fyrir íslenska kraftlyftingamenn. Þess má geta að Dietmar hefur unnið gríðarlega merkilegt starf á þessu sviði í Noregi en flestir eru sammála um að í Noregi muni þessi mál vera í hvað bestum farvegi á heimsvísu. Dietmar kom síðan til Íslands sl. sumar og hélt fyrsta námskeiðið. 8 þjálfarar sóttu það og tókst það mjög vel. Þessari vinnu verður haldið áfram. tilgangurinn er að þjálfaramenntunin komi félögunum beint til góða og nýtist innan félaganna. Þess vegna hefur skráning á námskeiðin verið í höndum félaga, ekki einstaklinga og þannig verður það áfram.

Allan undirbúning og framkvæmd annaðist formaður fræðslunefndar Gry Ek Gunnarsson og eru henni færðar hinar bestu þakkir fyrir þetta framlag.

Dómaramál.

Dómaranefnd undir forystu Helga Haukssonar var vel á árinu. Endurskoðaðar tæknireglur IPF á íslensku komu út nú fyrir áramótin, nefndin sér um menntun nýrra dómara auk þess sem stjórn sambandsins hefur leitað ráða hjá nefndinni á árinu.

Fjórir nýir dómarar bættust á dómaraalista KRAFT. Sturlaugur Agnar Gunnarsson, Akranesi, Stefán Sturla Svavarsson, Massa, Ingimundur Ingimundarson, Gróttu og Gry Ek, Breiðablik

Helgi Hauksson alþjóðadómari dæmdi fyrir Íslands hönd á EM í Úkraínu í maí og Klaus Jensen alþjóðadómari dæmdi fyrir Íslands hönd á HM í Puerto Rico.

Það er markmið sambandsins að efla þekkingu dómara og tryggja topp dómgæslu á öllum mótum. Liður í því er að mennta dómara innan sambandsins. Rétt er að minna á og ítreka það sem stendur í 1. gr. mótareglna KRAFT en þar segir: “Öll kraftlyftingamót skulu fara fram samkvæmt lögum og reglugerðum KRAFT og ekki brjóta gegn reglum ÍSÍ eða IPF. Framkvæmd skal fylgja tæknireglum IPF.”

Mikilvægt er fyrir félögin að eiga á að skipa góðum hópi dómara og einnig er mikilvægt fyrir okkur að hafa á að skipa alþjóðadómurum. Við eigum nú þrjá alþjóðadómara þá Helga Hauksson, Hörð Magnússon og Klaus Jensen. Stjórnin hefur mótað þá stefnu að við þurfum að eiga í það minnsta 3 einstaklinga með alþjóðleg dómara réttindi. Helst þyrftu þeir að vera 5. E.t.v. fjölgum við um einn á árinu 2013 sem hefur alþjóðleg réttindi. Núverandi alþjóðadómarar okkar eru með category 2 réttindi (blár) en æskilegt er að við aukum við réttindi þeirra þannig að þeir öðlist category 1 réttindi (rauður).

Á árinu voru dómaraskírteini gefin út í fyrsta sinn. Skírteinin eru í bókarformi ámóta eins og vegabréf og er frágangur og form til mikillar fyrirmyndar. Guðjón Hafliðason varaformaður KRAFT hafði veg og vanda að útgáfu skírteinanna og gaf alla hönnunurvinnu.

Lyfjamál – Agamál

Lyfjamálin eru stöðugt í brennidepli bæði á alþjóðavettvangi svo og hér innanlands. Það voru jú lyfjamálin sem einna helst ýttu þeirri þróun af stað að gamla kraftlyftingasambandið var lagt niður og KRAFT var stofnað. Rétt er að taka fram að lyfjamálin eru ekkert sérstaklega mikilvæg eða uppi á borðinu í kraftlyftingum umfram aðrar íþróttagreinir. Langt því frá. Lyfjamálinu eru mikið áhersluatriði í nánast öllum íþróttagreinum alls staðar í íþróttahéiminum.

Samstarfið við Örvar Ólafsson verkefnisstjóra Lyfjaeftirlits ÍSÍ hefur verið frábært. Lyfjaeftirlit ÍSÍ framkvæmdi **9** lyfjapróf á meðlimum KRAFT árið **2012**. Sýni voru tekin af **8** körlum og **1** konum, **3** próf voru tekin í keppni, **6** utan keppni. Nú hafa niðurstöður borist úr síðasta prófi ársins, og það er skemmst frá því að segja að því miður reyndist niðurstaða jákvæð í einu prófi. Alls hafa frá stofnun KRAFT verið framkvæmd **38** próf sem öll utan þessa eina hafa reynst neikvæð. Við getum því miður ekki verið stolt af þessari niðurstöðu. Markmiðið hlýtur að vera ekkert jákvætt lyfjapróf. Við þurfum að senda árlegar skýrslur til IPF og WADA um þennan málaflokk og hingað til höfum við getað verið stolt en því miður er skuggi yfir þessu máli nú. Kraftlyftingasambandið fagnar komu eftirlitsmanna lyfjaeftirlitsins hvenær sem þeir mæta á okkar mót. Okkur er mikið í mun að sýna og sanna að meðlimir KRAFT stundi kraftlyftingar án notkunnar ólöglegra efna.

Það er undirstöðuatriði að öll félög innan KRAFT taki þátt í baráttunni gegn notkun óleyfilegra lyfja með fræðslu, áróðri og með því að skapa félagsanda og menningu sem útilokar allt slíkt. Í staðinn byggjum við upp félagsanda þar sem allt er uppi á borðinu og menn keppa á heilbrigðum jafnréttisgrundvelli.

Varðandi jákvæða lyfjaprófið er það að segja að viðkomandi íþróttamaður úr Ungmennafélagi Njarðvíkur – Massa var prófaður utan keppni þ.e.a.s. í æfingaaðstöðu félagsins. Þegar jákvæðar niðurstöður liggja fyrir tekur við fastmótað ferli skv. reglum Alþjóða lyfjaeftirlitsins – WADA sem IPF, ÍSÍ og Alþjóða Ólympíunefndin eru aðilar að. Helstu skref ferlisins eru meðferð niðurstaðna, málsmeðferð, sjálfkrafa ógilding á árangri viðkomandi einstaklings og ákvörðun viðurlaga fyrir einstaklinginn, keppnisliðið sem hann tilheyrir og félagið sem hann er félagi í og sektir. Það er því ekki einkamál einstaklingsins sem hér um ræðir heldur einnig keppnisliðið sem hann tilheyrir, félag hans, KRAFT og kraftlyftingaheiminn.

Engin agamál hafa komið upp á árinu sem varða þátttöku félaga í aðildarfélögum í KRAFT í kraftlyftingakeppnum hjá félögum utan KRAFT en rétt er að minna á 8. gr. mótareglanna en þar stendur að engum félagsmanni í aðildarfélagi að KRAFT er heimilt að keppa, dæma, starfa eða aðstoða keppendur á mótum í kraftlyftingum, innanlands sem erlendis, sem haldin eru á vegum aðila sem ekki eru aðilar að KRAFT.

Stjórnin hefur þurft að fjalla um tvö mál sem hún hefði helst ekki þurft að fjalla um og heiti ég á alla forráðamenn aðildarfélaga KRAFT að kappkosta að vanda til allrar starfsemi sinna félaga og þá sérstaklega mótahald. Annað málið snerti mót sem KFA hélt í júlí sl. Því miður voru brotalamir vegna þess móts svo alvarlegar að stjórnin sá sér ekki annað fært en að ógilda mótið. Keppendur sem lagt höfðu tíma og peninga í undirbúning og þátttöku fengu því sinn árangur ekki viðurkenndan og færðan inn í bækur KRAFT. Slíkt má ekki henda. Hitt atriðið sem stjórnin fjallaði um var atvik á Bikarmótinu í nóvember. Þar átti sér stað að keppandi Gróttu greip í misgripum flösku sem í var fljótandi ammóníak og drakk af. Flaskan bar ekki með sér að hún innihéldi hættulegt efni – ammoníak heldur var venjuleg Gatorade flaska. Afleiðingin var sú að flytja þurfti viðkomandi á sjúkrahús og kalla til lögreglu. Umfjöllun í fjölmiðlum í kjölfar atviksins var ekki til að byggja upp ímynd kraftlyftinga en uppbygging ímyndar er og hefur verið frá stofnun KRAFT eitt af okkar forgangsatriðum. Niðurstaða stjórnar KRAFT var svohljóðandi:

“Stjórn KRAFT áminnr hér með eiganda og umsjónarmann umræddrar ammóníaksflösku fyrir vítaverðan umbúnað. Enn fremur áminnr stjórn KRAFT Kraftlyftingafélag Akureyrar um ábyrgð sína en skv. 4. gr. mótareglna KRAFT svo og 5. gr. laga KRAFT ber stjórn hvers félags ríka ábyrgð á keppendum sínum, þjálfurum, forystumönnum og öðrum innan vébanda viðkomandi félags og að þessir aðilar virði lög og reglur. Til að koma í veg fyrir að slíkt atvik sem hér um ræðir endurtaki sig hefur stjórn Kraftlyftingasambands Íslands samþykkt í dag eftirfarandi viðbót við 7. gr. Reglna um mótahald:

“Notkun ammóníaks í fljótandi formi er bönnuð á mótum á vegum aðildarféлага Kraftlyftingasambands Íslands. Ammóníak sem er ekki í fljótandi formi er leyfilegt en verður að vera í greinilega merktum umbúðum. Viðurlög við broti á ákvæði þessu eru ákveðin af aganefnd KRAFT. Þau geta verið allt að eins árs keppnisbann frá þeim tíma sem viðkomandi keppni fór fram.”

Fjölmiðlamál

Jákvæð og mikil umfjöllun í fjölmiðlum er mikilvæg fyrir kraftlyftingagreinina. Þegar litið er á árið í heild er ljóst að umfjöllun hefur aldrei verið jafnmikil og jákvæð fyrir greinina. Ljósvala og prentmiðlar fjölluðu um öll helstu mót ársins og frábær árangur íslensks kraftlyftingafólks á erlendri grundu og þá sérstaklega Auðuns Jónssonar og Júlíans J.K. Jóhannssonar jók verulega á umfjöllunina. Haldinn var mjög vel heppnaður fréttamannafundur í nóvember og var í kjölfar hans mikil umfjöllun í öllum fjölmiðlum og myndir á framsíðu dagblaða. Í kjölfar þessa árangur bauð ráðherra íþróttamála Katrín Jakobsdóttir íþróttamönnum og forráðamönnum KRAFT til móttöku í ráherrarabústaðnum við Tjarnargötu. Sú viðurkenning sem í því fólst sýnir og sannar betur en margt annað hvaða árangri kraftlyftingagreinin hefur náð á undanförunum 3 árum.

Skrifstofa

Sambandið opnaði nú í janúar litla skrifstofu í aðalstöðvum ÍSÍ í Laugardal á 4. hæð í húsi 3. Þar hefur nú verið komið upp tölvubúnaði og símtengingum svo og aðstöðu til að varðveita landsliðsbúninga, dómara ljósabúnað og annan búnað. Símanúmerið er 7728283.

Fjármál

Peningar eru ein af forsendum þess að reka sérsamband innan ÍSÍ með öllum þeim skyldum sem því fylgir svo og umsvifum innanlands og þátttöku á mótum og í alþjóðastarfi á erlendri grundu. Gjaldkeri sambandsins Kári Rafn Karlsson hefur haldið vel utan um fjármálin. Starf gjaldkera felst ekki aðeins í hefðbundnum gjaldkerastörfum svo sem greiðslum og bókhaldi heldur er mjög viðamikill þáttur umsóknir og uppgjör vegna styrkja t.d. frá Afreksmannasjóði og sjóðnum ungir og efnilegir. Allt hefur þetta farið Kára Rafni vel úr hendi og eru honum þökkuð hans störf. Enn fremur hefur Kári Rafn lagt fram mikla vinnu í landsliðsnefndinni varðandi lágmarkaútreikninga ofl. svo og hefur hann haft veg og vanda af uppsetningu, rekstri og kennslu v. Goodlift kerfisins.

Að lokum

Margt fleira mætti nefna úr starfinu á árinu sem er að líða en ég læt hér staðar numið. Fjárhagur sambandsins hefur styrkst verulega eins og ársuppgjörið sem hér verður kynnt svo og áætlun fyrir árið 2013 bera með sér. Á árinu verða tekjur um 9 milljónir króna. Aldrei áður í sögu íslenskra kraftlyftinga höfum við geta styrkt jafn marga keppendur til farar á erlend mót eins og árinu sem var að líða. Áður en ég lýk máli mínu vil ég þakka fyrir allan þann stuðning og traust

sem ég sem formaður og stjórnin hefur fengið að njóta af ykkar hálfu. Árið hefur verið mjög skemmtilegt og okkur hefur tekist að festa sambandið enn betur í sessi bæði hér innanlands og erlendis. Verkefninu er hins vegar alls ekki lokið. Ég hef setið í mörgum góðum stjórnnum og ráðum í gegn um tíðina en sá hópur sem skipar núverandi stjórn KRAFT er einn sá besti. Einstaklingarnir eru ólíkir og koma úr ýmsum áttum en mynda mjög sterka og einhuga heild þar sem hver og einn kemur með sína sérþekkingu og styrkleika að borðinu. Eitt er sameiginlegt og það er áhuginn á framgangi kraftlyftinga. Það er málið. Ég vil þakka stjórnarmönnum allt þeirra mikla framlag og góða samstarf. Ykkur þingfulltrúum þakka ég traustið.

Hafnarfirði, 19. janúar 2013

Sigurjón Pétursson